

Lög

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (kröfur til mönnunar o.fl.).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „björgunarskipum“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: og vinnuskipum sjókvíaeldisstöðva.
- b. Í stað orðsins „Björgunarskip“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Skip samkvæmt þessari málsgrein.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra skal mæla fyrir um farsvið vinnuskipa sjókvíaeldisstöðva í reglugerðinni.

2. gr.

Í stað orðanna „12 metrar og styttri“ í 1. másl. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum kemur: 15 metrar og styttri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 1. júní 2017.